



## Skýrsla landsliðsnefndar LH 2016-2017



**Landsliðsnefnd LH** var þannig skipuð: **Pjetur N. Pjetursson** formaður, Þórir Örn Grétarsson, Magnús Benediktsson, Benedikt Benediktsson, Helgi Jón Harðarson, Haukur Baldvinsson, Jóna Dís Bragadóttir og Sigurbjörn Bárðarson

Páll Bragi Hólmarsson var liðsstjóri og voru honum til aðstoðar: Hugrún Jóhannsdóttir, Olíu Amble, Hinrik Bragason, Elvar Einarsson og Magnús Benediktsson.

Aðalverkefni nefndarinnar og liðsstjóra 2017 var **HM í Oirschot** í Hollandi.



Undirbúningur fyrir HM2017 hófst að fullu fyrir um ári síðan, eftir áramót fundaði landsliðsnefnd ásamt landsliðsþjálfara og starfsmanni LH vikulega fram að móti en þessir sömu aðilar áttu í samskiptum nánast daglega. Mestur undirbúningur fór í að fjármagna ferðina, finna styrktaraðila og velja liðið. Haldinn var stór viðburður, þeir allra sterkustu, til að afla peninga og gekk það vel. HM-úrtaka Landssambands hestamannafélaga var haldin samhliða opnu íþróttamóti Spretts dagana 7.-11.júní.

Í úrtökunni voru tvær umferðir og fór sú fyrri fram 7.júní en hin seinni fléttaðist saman við íþróttamótið.

Breyting sem gerð var á þjálfarateymi ásamt breytingum í undirbúningi og framkvæmd á mótsstað teljum við að hafi verið stór þáttur í að skilaði þeim árangri sem náðist. Hópurinn var mjög samstilltur og ákveðinn að ná fram markmiðum sínum. Liðsstjórategymið hélt vel utan um alla hnúta og fylgdi hverjum keppanda eftir af natni, enda skilaði það besta árangri íslensku keppendanna um árabíl.

Í góðu samstarfi við Félag Hrossabænda var Magnús Benediktsson og Benedikt Benediktsson þeirra fulltrúar landsliðinu til aðstoðar og var það samdóma álit allra að þetta væri mjög gott og skilaði góðum árangri í kynbótasýningunum. Allt utanumhald og aðstoð við kynbótaknapana og kynbótahrossin var til fyrirmyndar.

Sýnilegt er að sú vinna sem lögð var í til að efla ungmennin með sérstökum afrekshóp sem starfaði allt tímabilið, skilaði sér sýnilega í betri árangri.

Íslenska sveitin var með dýralækni, Helga Sigurðsson, að störfum fyrir mót og alla mótsdagana. Helgi var sem sannur fagmaður vakinn og sofandi yfir velferð keppnishrossanna. Ekkert hross sem fór út til Hollands heltist úr keppninni og voru hrossin frísk og glöð og tilbúinn í þann hörkuslag sem beið þeirra. Allir knapar og hestar voru heilir heilsu eftir þessa skemmtilegu en miklu keppni á Heimsmeistamótinu í Oirschot.

Miklar væntingar voru til landsliðsins og stóðu hestar og knapar vel undir þeim. Liðið landaði dýrmætum heimsmeistartitlum og mátti mjög vel við una.

Undirbúningur fyrir NM 2018 og HM 2019 í Berlin er þegar kominn á fulla ferð.

Forseti Íslands Guðni TH. Jóhannesson mætti til að fylgjast með úrslitunum á Heimsmeistaramótinu og einnig kom Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ráðherra. Ánægjulegt var að fá þetta fyrirmyndar fólk og vöktu þau athygli fyrir góða viðkynningu og settu virðulegan svip á mótið. Við höldum kvöldverðarhátíð á sunnudagskvöldinu eftir mót og með lifandi tónlist þar sem hljómsveitin Knaparnir héldu uppi stuði og stuttar og skemmtilegar ræður voru fluttar. Forsetinn, ráðherran, knapar og gestir voru hæst ánægð með þetta kvöld.



Við tókum upp þá nýbreytni að halda móttöku við heimkomuna fyrir knapana og bauðst Bláa Lónið til halda þennan skemmtilega viðburð. Frétta og fjölmiðlamenn mættu og gerðu árangri liðsins góð skil í sínum miðlum. Ánægjulegur dagur með liðinu „okkar“ sem við erum ótrúlega stolt af.



Liðið hlaðið verðlaunum við heimkomuna í Bláa Lóninu.



## Árangur:

Ísland hlaut 14 verðlaun, þar af fjögur gull en einnig liðsbikarinn sem gefinn er fyrir besta árangur liðs í forkeppni. Máni Hilmarsson hlaut FEIF fjöðrina fyrir góða reiðmennsku.

Í ræktunarhluta mótsins hlaut Ísland tvö gullverðlaun og þrjú silfur.

### Gullverðlaun Íslands

T1 - Tölt: Jakob Svavar Sigurðsson & Gloría frá Skúflæk

V1 - Fjörgangur ungmenna: Gústaf Ásgeir Hinriksson & Pistill frá Litlu-Brekku

F1 - Fimmgangur ungmenna: Máni Hilmarsson & Prestur frá Borgarnesi

PP1 - Gæðingaskeið ungmenna : Konráð Valur Sveinsson & Sleipnir frá Skör

5 vetra stóðhestar: Grani frá Torfunesi & Sigurður V. Matthíasson

6 vetra hryssur: Hervör frá Hamarsey & Vignir Jónasson

### Silfurverðlaun Íslands

T1 - Tölt: Jóhann R. Skúlason & Finnbogi frá Minni-Reykjum

Samanlagðar fjörgangsgreinar: Jakob Svavar Sigurðsson & Gloría frá Skúflæk

F1 - Fimmgangur: Þórarinn Eymundsson & Narri frá Vestri-Leirárgörðum

Samanlagðar fimmgangsgreinar: Þórarinn Eymundsson & Narri frá Vestri-Leirárgörðum

Samanlagðar fjörgangsgreinar ungmenna: Gústaf Ásgeir Hinriksson & Pistill frá Litlu-Brekku

Samanlagðar fimmgangsgreinar ungmenna: Máni Hilmarsson & Prestur frá Borgarnesi

P1 - 250m skeið ungmenna: Konráð Valur Sveinsson & Sleipnir frá Skör

5 vetra hryssur: Buna frá Skrúð & Björn Haukur Einarsson

7 vetra og eldri hryssur: Hnit frá Koltursey & Sigurður V. Matthíasson

7 vetra og eldri stóðhestar: Þórálfr frá Prestsbæ & Þórarinn Eymundsson

### Bronsverðlaun Íslands

T1 - Tölt: Guðmundur Friðrik Björgvinsson & Straumur frá Feti

PP1 - Gæðingaskeið: Teitur Árnason & Tumi frá Borgarhóli

P2 - 100m skeið: Svavar Örn Hreiðarsson & Hekla frá Akureyri

T2 - Slaktaumatölt ungmenna: Gústaf Ásgeir Hinriksson & Pistill frá Litlu-Brekku

P2 - 100m skeið ungmenna: Konráð Valur Sveinsson & Sleipnir frá Skör

**BLUE LAGOON**  
ICELAND

**ICELANDAIR**  
CARGO

**SONAX®**

**Ásbjörn**  
Ásbjörn Ólafsson ehf.

  
**LÍFLAND**

  
**M**  
EMMAL ÍTSÐIN

**VÍS**  
**samskip**

  
**Hringdu**



